

**Húsið skiptist í 25 einingar, 57,4 – 78,1 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Allar einingar eru með með möguleika salerni. Byggingin er á einni hæð en góð lofthæð býður upp á að sitja 28,5 m<sup>2</sup> milliloft. Til staðar er byggingaheimild fyrir u.þ.b. 28,5 m<sup>2</sup> fyrir hvert bíl Lóðin verður malbikuð, gert ráð fyrir einu bílastæði fyrir framan hverja starfseiningu auk 16 bílastæða á lóð.**

Húsnæðið skilast fullfrágengið með lokaúttekt, byggingarstig 7.

**Verð frá 24,9 m.kr.**

**Uppbygging húss:**

Húsið er byggt ofan á steypa sökklá.

**Gólfplata:**

Hefðbundin staðsteyppt plata, einangruð að innan með gólfhita. Neysluvatnslagnir eru lagðar samkv. verkfræðiteikningm, rör í rör.

**Útveggir/þak / þakkantur / burðarvirki:**

Allir útveggir og þak hússins eru úr yleiningum, samlokueiningar frá Hýsi. Burðarvirki er límtré. Litur klæðninga að utanverðu er RAL7011-Antrasit á matshluta 1 og RAL 3008 á matshluta 2 og að innan RAL 9010. Þakkantur er einfaldur, áklæddur í sama lit og þakefni, snjógildirur með utanáliggjandi álrennum og niðurfallsrörum í sama lit.

**Gluggar og hurðir:** Iðnaðarhurðir eru frá Héðinn-hurðum í sama lit og klæðning húsa. Gönguhurðir og gluggar eru úr viðhaldsfríu PVC plasti með tvöföldu einangrunargleri. Litur RAL 7011 í matshluta 1 og RAL 3008 í matshluta 2.

**Frárennslis og neysluvatnslagnir:** Fráveitu- og regnvatnslagnir eru fullfrágengnar og tengdar fráveitukerfi í götu. Lagnir gefa möguleika að setja upp salerni. Gólfniðurfall er fyrir innan allar innkeyrsluhurðir. Deiliskistur fyrir neysluvatn frágengnar í hverri starfseiningu og tengt úr henni í viðkomandi viðtaka: salerni og mögulega eldhúsinnréttingu undir stiga. Niðurföll af malbikuðum plönnum frágengin og tengd fráveitukerfi.

**Hitakerfi:** Gólfhitakerfi sem er innsteyppt í botnplötuna á járnagrind komið í hverja starfseiningu, deiliskista með hringrásarkerfi tengd í hverri einingu. Kerfi stjórnað með handvirkum ofnlöka.

**Rafmagn:** Rafmagn (utanáliggjandi) fullfrágengið skv. teikningum og skilast með góðum iðnaðarlömpum í lofti og útikastara fyrir ofan iðnaðarhurð. Aðaltafla með mælum fyrir hverja starfseiningu frágengin í inntaksrými. Greinatafla frágengin í hverri starfseiningu með einum þriggja fasa tengli við hliðina. Tenglar á nokkrum stöðum í hverri starfseiningu skv. grunnhönnun raflagnahönnuðar. Full lýsing (LED) í hverri starfseiningu skv. grunnhönnun raflagnahönnuðar sem uppfyllir viðkomandi reglur. Raflagnir lagðar í aðgengilegum kapalstigum, auðvelt er að breyta ljósum, slökkvurum, tenglum og slíku ef þurfa þykir. Útiljós við hurðir á hverri starfseiningu sem hægt er að stjórna frá viðkomandi einingu og tengist viðkomandi mæli (ekki sameign).Gert er ráð fyrir tengibúnaði vegna hleðslu rafbíla við hverja einingu

**Sorpgæmsla:** Sorpgámur er staðsettur á lóð. Fjöldi gáma verður í samræmi við kröfur byggingareglugerðar og hreinunardeildar Hafnarfjarðar.

**Lóð:** Lóð afhendist malbikuð og bílastæði afmörkuð, gróður við lóðarmörk götu og við gafl matshluta 2.

**Skipulagsgjald:** Kaupandi greiðir skipulagsgjald þegar það verður lagt á. Skipulagsgjaldið er 0,3% af væntanlegu brunabótamati.

ATH : Virðisaukavöð hvílir ekki á húsinu

**Byggingin verður í notkunarflokki 1. samkv. byggingareglugerð en um er að ræða geymslur í þeim flokki. Skil hússins miðast við ÍST51:2021 BS4 – Fullgerð bygging. A:T:H þetta er nýr staðall um skil á byggingarstigum húsa.**